# Umsögn

Til: Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Frá: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar
Dags. 28. nóvember 2023
*Mnr. 2023010001*

ÍSAFJARÐARBÆR

---

**Umsögn bæjarráðs Ísafjarðarbæjar um frumvarp til laga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, 478. mál**

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fagnar tillögum að breytinum á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem hafa það markmiði að einfalda útreikninga og bæta gæði jöfnunar.

Mikilvægt er að Jöfnunarsjóður sinni með raunverulegum hætti því mikilvæga hlutverki að jafna mismunandi útgjaldaþörf og skattekjur sveitarfélaga með framlögum úr sjóðnum en aðstæður sveitarfélaga landsins eru afar ólíkar sem koma þarf til móts við. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar tekur undir þá áherslu sem birtist í tillögunum um markvissa jöfnun, og að jöfnunarkerfið styðji áfram við bakið á meðalstórum sveitarfélögum og þau sveitarfélög sem hafa fleiri en einn þéttbýliskjarna og flóknar útgjaldaþarfir.

Arna Lára Jónsdóttir

bæjarstjóri